

AUGLÝSING

um samning við Færeyjar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2014.

Hinn 7. og 9. apríl 2014 var með bréfaskiptum í Þórshöfn og Reykjavík gengið frá samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2014. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða 9. apríl 2014. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 19/143 hinn 12. maí 2014 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. október 2021.

F. h. r.

Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

MILLI ÍSLANDS OG FÆREYJA

UM FISKVEIÐAR INNAN ÍSLENSKRAR OG FÆREYSKRAR LÖGSÖGU Á ÁRINU 2014.

a. Bréf lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Tórshavn, 7. apríl 2014

Harra Uttanríkisráðharri,

Eg loyvi mér at vísa til samráðingar millum feroyska og íslenska fiskimálaráðharrarnar um fiskiveiði í feroyskum og íslenskum sjógvi í 2014.

Eg havi skilt, at semja er um fylgjandi:

„Semja millum Ísland og Føroyar um fiskiveiði í íslenskum og feroyskum sjógvi í 2014.

1. gr.

Á fundi millum Føroyar og Ísland, sum verður ikki seinni enn í desember 2014, fara partarnir at umrøða og taka avgerð um veiðiheimumildirnar hjá feroyskum skipum at fiska lodnu í íslenskum búskaparøki vertíðina 2014/2015.

Føroyskum skipum er í lodnuvertíðini 2014/2015 loyvt at veiða upp til 10.000 tons av lodnu í hvørji vertíð í íslenskum búskaparøki við veiðiheimumildum, sum eru fingnar við samráðingum millum Føroyar og Grønland.

2. gr.

Føroyskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í íslenskum búskaparøki í 2014. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslenskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft og várgýtandi norðhavssild í føroyskum sjógvi í 2014. Tó kunnu ikki fleiri enn 12 skip verða á svartkjaftaveiðu samstundis í føroyskum sjógvi. Føroyar skila sær rætt til at avmarka talið av íslenskum svartkjaftaskipum, um tað gerst ov trongt á fiskileiðunum. Eftir samráðingar við íslenskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda tal av skipum, sum kunnu veiða samstundis eftir norðhavssild.

4. gr.

Íslenskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.300 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 2014 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildastovni enn várgýtandi norðhavssild.

5. gr.

Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslenskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslenskt skip um reiðskap og fiskileiðir. Íslenskt skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroyskt skip um reiðskap og fiskileiðir. Skipum, ið veiða eftir svartkjafti, er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskaveiði um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum. Áðrenn fiskiskapurin byrjar, skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi. Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiði hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp. Nágreiniligari ásetingar um fráboðanir verða ásettar í kunngerð.“

Um tygum staðfesta, at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at skjóta upp, at henda avtala fær gildi fyríbils, tá svarbræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarlígu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt.

Við hávirðing,
Kaj Leo Holm Johannessen
løgmaður

b. Svarbréf utanríkisráðherra Íslands.

Hr. lögmaður
Kaj Leo Holm Johannessen
Føroya Landsstýri
Torshavn

Reykjavík, 9. apríl 2014

Hr. lögmaður.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar, dags. 7. apríl, sem er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að vísa til samtala milli sjávarútvegsráðherra Færeyja og Íslands um fiskveiðar innan færeyskrar og íslenskrar lögsögu á árinu 2014.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

**„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2014.**

1. gr.

Á fundi Færeyja og Íslands, sem verður haldinn ekki síðar en í desember 2014, munu aðilar ræða um og taka ákvörðun um heimildir færeyskra skipa til að veiða loðnu innan efnahagslögsögu Íslands á vertíðinni 2014/2015.

Færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðinni 2014/2015 að veiða allt að 10 þús. lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenkra stjórnvalda.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2014. Að höfðu samráði við landstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2014. Eigi skulu fleiri en 12 skip stunda veiðar á kolmunna samtímis innan lögsögu Færeyja. Færeyjar áskilja sér rétt til að takmarka fjölda skipanna enn frekar til að forðast öngþveiti á miðunum. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landstjórn Færeyja ákveðið að veiðar á norsk-íslenskri síld stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 2014 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði. Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila. Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta. Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er út úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn. Nánar er kveðið á um tilkynningar þessar í reglugerð.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ofangreint er skilningur minn og tekur samningurinn gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Virðingarfyllst,
Sigurður Ingi Jóhannsson
starfandi utanríkisráðherra

C-deild – Útgáfud.: 27. október 2021